

Milano Line

Dvergshöfða 27

Sími: 511 16 60

Flísar með stíl


# hvað? hvar? hvenær?

FÖSTUDAGUR  
22. NÓVEMBER

## FUNDIR

12:15 **Margrét Eypórsdóttir** hjúkrunarfræðingur, M.Sc. og **Guðrún Kristjánsdóttir** prófessor kynna verk efnið: **Að verða foreldri: Samanburður á foreldrum heilbrigðra nýbura og foreldrum barna af vökudeild.** Málstofan er á vegum Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði og verður haldin í stofu 103 á 1. hæð.

20:00 **Kínaklúbbur Unnar** kynnr næstu Kínaferð í húsi Kínaklúbbsins, Njálsgötu 33. Ferðin verður farin 8.-13. maí á næsta ári. Farið verður vítt og breytt um Kína, m.a. um gljúfrin Þrjú í Jang-Tse-Kiang fljóti. Allir eru velkomir á kynninguna á meðan húsrúm leyfir.



## VERK EFTIR LAILA SHAWA FRÁ PALESTÍNU

Verkin á sýningunni tengjast annars vegar trúarbrögðum, kynferði og pólitik, og hins vegar gefur að líta afturhvarf til hefðarinnar sem dregur listamennina að sagnfræðilegum og trúarlegum uppruna sínum.

Milli goðsagnar og veruleika:

# Listin eykur skilning meðal ólíkra þjóða

**MYNDLIST** Myndlistarsýningin Milli goðsagnar og veruleika opnaði í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu á laugardaginn. Sýningin kemur frá Ríkislistasafni Jórdanús í Amman en sýningarstjóri er hennar konunglega hátign Wijdan Ali prinsessa, sem er doktor í íslamskri myndlist frá Lundúna Háskóla. Sýningunni er ætlað að varpa ljósi á heim araba og í tengslum við hana kemur forstöðumaður Konunglega fagurlistasafnsins í Jórdanú, Dr. Khaled Khreis, til landsins. Hann heldur fyrirlesturinn The Use of Arabic Calligraphy in Arab Modern Art í Hafnarhúsinu klukkan 17 í dag.

Menningarheimur araba hefur verið í brennidepli á Vesturlöndum undanfarið en aðstandendur sýn-

ingarinnar gera sér vonir um að menningarsamskipti geti leitt til aukins skilnings og umburðarlyndis meðal ólíkra þjóða. Á sýningunni verður dregin upp mynd af stöðu nútímalistar á þessum slóðum með úrvali verka eftir karla og konur frá sextán mismunandi arabalöndum, en þau eru: Alsír, Barein, Egyptaland, Írak, Jórdanía, Kúvæt, Líbanon, Marokkó, Óman, Palestína, Sáði-Arabía, Súdan, Síryland, Túnis, Sameinuðu arabísku furstadæmin og Jemen. Þrátt fyrir að allir íslamskir nútímalistamenn hafi hlotið skólun á vestræna vísu eiga þeir flestir það sameiginlegt að leita eftir listrænu auðkenni sem sameinað getur uppruna þeirra, menntun og daglega tilveru. ■

lands og sýnir mjúka skúlptúra úr textíl sem hafa eða framkalla líkamlega tengingu við tilfinningu eða minningu. Sýningin verður opin frá föstudegi til fimmtudags á milli 12 og 14.

**Hrafnhildur Arnardóttir** sýnir „Shrine of my Vanity“ sem útleggst á íslensku „Helgidómur hégóma míns“ í **Gallerí Hlemmi**. Leiðarstef sýningarinnar er hið svokallaða IVD (intensive vanity disorder) eða hégómaröskun en það heilenni verður æ algengara meðal þeirra sem temja sér lífsstíl Vesturlandabúa.

Myndlistamaðurinn **Hildur Ásgeirsdóttir Jónsson** sýnir í **Gallerí Sævars Karls**.

**Kyrr birta - heilög birta** er heitið á sýningu sem stendur yfir í **Listasafni Kópavogs**. Sýningarstjóri er Guðbergur Bergsson.

Stærsta sýning á **Íslenskrum samtímalist** stendur yfir í **Listasafni Íslands**. Sýnd eru verk eftir um 50 listamenn sem fæddir eru eftir 1950 og spannar sýningin árin 1980-2000.

Sýningin í sjöunda himni stendur yfir í **Gallerí Undirheimum**, Álafossi, Mosfellsbæ. Þar sýna 7 listakonur vatnslitaverk. Opnið er alla daga 12-17 nema miðvikudaga. Sýningin stendur til 24. nóvember.

**Anna Gunnlaugsdóttir** sýnir 365 myndverk, unnin á jafnmörgum dögum, í **Gallerí Glámi**, Laugavegi 26, Grettisgötu megin. Sýningin stendur til 24. nóvember.

**Guðrún Tryggvadóttir** sýnir í **Listhúsinu í Laugardal**. Sýningin ber heitið Fúrðudýr í íslenskum þjóðsögum og er samsett af myndskreytingum úr samnefndri bók. Sýningin stendur til 30. nóvember.

Sýningin **Hraun - ís - skógur** er í **Listasafni Akureyrar**. Sýningin er opin alla daga milli 12 og 17. Henni lýkur 15. desember.

**Veidimenn í útnorðri** er yfirskrift á sýningu sem **Eduard Fuglö** heldur í **Norræna húsinu**.

Í **Ljósmyndasafni Reykjavíkur** stendur yfir sýning á portrettmyndum **August Sanders**. Sýningin er í Grófarsal, Grófarhúsi, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík og stendur til 1. desember 2002. Opnartími er 12-18 virka daga en 13-17 um helgar.

**Jóhanna Ólafsdóttir** og **Spiros Misokilis** sýna ljósmyndir sínar á **Kaffi Mokka**. Sýningin heitir „Orbital Reflections“. Allir eru velkomnir.



20:30 Þriðja fræðsluerindi **Hins íslenska náttúrufræðifélags (HÍN)** í haust verður haldið í stofu 101 í Lögbergi. **Dr. Ása Aradóttir**, vistfræðingur hjá Landgræðslu ríkisins, fjallar um notkun innlendra tegunda til uppgræðslu og landbóta. Umræða um notkun innfluttra tegunda við uppgræðslu og landbætur hefur verið áberandi á undanföllum árum. Hins vegar hefur minna verið fjallað um innlendar tegundir og notkunarmöguleika þeirra. Rætt verður um hvað þurfi að leggja til grundvallar við val á landgræðslutegundum og skoðaðir mismunandi kostir í því sambandi.

## SÝNINGAR

Sýningin **Þetta vilja börnin sjá er haldin í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi**. Sýndar verða myndskreytingar úr nýútkomnum barnabókum. Sýningin stendur frá 23. nóvember til 6. janúar. Allir velkomnir.

Sýningin **Milli goðsagnar og veruleika** er í **Listasafni Reykjavíkur**. Sýningin kemur frá Ríkislistasafni Jórdanús í Amman og er ætlað að varpa ljósi á heim araba.

Sýning á nokkrum verkum **Guðmundar Hannessonar ljósmyndara** stendur yfir í **Gallerí Fold**. Sýningin nefnist Reykjavíkurmíningur en myndirnar tók Guðmundur um miðja síðustu öld í Reykjavík.

**Inga Svala Þórsdóttir** sýnir Borg í **Listasafni Reykjavíkur**. Inga Svala fjallar um og endurvekur draumsýnina um hið fullkomna samfélag. Hún leggur fram hugmynd að milljón manna borgarskipulagi í Borgarfirði og á norðanverðu Snæfellsnesi.

**Íris Eggertsdóttir** sýnir Skyn í **Gallerí Nema Hvað** á Skólavörðustíg. Íris er á lokaári í myndlist við Listaháskóla Ís-

PRODERM

Húðpurkur Kláði - Sviði Roði

Skjótverkir hjálp og vörn á andlit, hendur, og líkama.

Húðin verður mjúk og fær jafnan litarhátt.

CE

Varn er Medicin Technik 100 skammtar í brúsi

Fæst í apótekum

www.handfrjals.is

ÖKUMENNI!

Hættum að tala með höndunum

Trúlofunar- og giftingarhringir

20% afsláttur í takmarkaðan tíma

www.gunnimagg.is

METSÖLULISTI	
MEST SELDU BARNABÆKUR Í PENN-ANUM/EYMUINDSSYNI	
1	<b>MARTA SMARTA</b> Gerður Kristný
2	<b>FYRSTU 500 ORÐIN</b>
3	<b>GÚMMÍ-TARSAN</b> Ole Lund Kirkegaard
4	<b>NJÁLA</b> Brynhildur Þórarinsdóttir
5	<b>GALLSTEINAR AFA GISSA</b> Kristín Helga Gunnarsdóttir
6	<b>HVAR GETUR TINKI VINKI . .</b> Teletubbies
7	<b>EINHYRNINGURINN MINN</b> Linda Chapman
8	<b>ÍSSTELPAN</b> Bent Haller
9	<b>TILRAUNABÓK BARNANNA</b> B. Sundsten og J. Jager
10	<b>KLUKKUBÓKIN</b> Þóra B. Þórisd. íslenskaði

Metsölulistinn:

# Gamlar hetjur og nýjar

**BÆKUR** Fyrsta barnabók Gerðar Kristnýjar, Marta smarta, er mest seld barnabók í verslunum Pennans. Gamall góðkunningi uppaxinna barna, sjálfur Gúmmí-Tarsan, fylgir Mörtu eftir í þriðja sætinu. Hetjan Gunnar á Hlíðarenda kemur fast á hæla dönsku gungunni með lygamörð og taðskegginga í eftirdragi í Njálu fyrir börn. Gallsteinar afa Gissa, eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur, eru í 5. sætinu og í því áttunda er Ísstelpan, safn 15 sagna, sem var valin besta barnabók Norðurlanda árið 1999. Hinir litríku Stubbar geta vart talist miklir spámenn í þessum félagskap en þeir eiga sitt bakland og elta afa Gissa með bókinni Hvar getur Tinki Vinki sofði? ■

Sýning á verkum fjögurra eistneskra listamanna stendur í **Hafnarborg**, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar. Þeir eru **Jüri Ojaver, Paul Rodgers, Jaan Toomik og Jaan Paavle**.

**Tróndur Þatursson** frá Færeyjum sýnir málverk í aðalsal **Hafnarborgar**.

**Flökt - Ambulatory - Wandelgang** er samsýning **Magnúsar Pálssonar, Eric Andersens og Wolfgang Müllers** í Nýlistasafninu.

**Ágústa Oddsdóttir** sýnir í gluggum **Vatnssstígs 10**.

Sýningin **Handritin** stendur yfir í **Þjóðmenningarhúsinu**. Sýningin er á vegum Stofnunar Árna Magnússonar. Opnið er frá klukkan 11 til 17.

**Bjarni Þór Þorvaldsson** heldur myndlistarsýningu í **Markaðstorgi, Eddufelli** 8. Sýningin stendur til 1. desember og er opin alla daga frá 13-18.30.

# Taktu Lottó í áskrift

og þú átt möguleika á að vinna heimsreiðu fyrir tvo

- Þínar tölur eru alltaf í pottinum
- Erir útdráttur fjórum sinnum á ári – gildir um Lottó, Vikingalottó og Jóker
- Þú styrkir gott málefni



Taktu lottó í áskrift á lotto.is eða næsta sölustað



heimsmyndir @heimsmyndir.is

**JÓLAKORT MED MYND OG UMSLAGI**

ÁDEINS 98,-

**HEIMSMYNDIR AGFA**

SMÍÐJUVEGUR 11 - GUL GATA - KÓPAVOGUR - SÍMI 544 4131